

Tilmæli 13/2023
Tillaga A 1929/UVN
Afgreiðsla Norræna velferðarnefndin

Nefndarálit um svar við tilmælum 13/2023 – Sameiginlegar aðgerðir á Norðurlöndum til að auka þekkingu til að koma í veg fyrir og berjast gegn morðum í nánnum samböndum, NMR (A 1929/UVN)

Norræna velferðarnefndin leggur til að Norðurlandaráð aðhafist ekkert frekar vegna svars við tilmælum 13/2023 um sameiginlegar aðgerðir á Norðurlöndum til að auka þekkingu til að koma í veg fyrir og berjast gegn morðum í nánnum samböndum og áliti *afgreiðslu þeirra lokið* af hálfu ráðsins.

Forsendur

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að Norræna ráðherranefndin geri samantekt á árangursríkum aðgerðum gegn ofbeldi og morðum í nánnum samböndum.

Svar Norrænu ráðherranefndarinnar

Norræna ráðherranefndin um jafnréttismál og málefni hinsegin fólks (MR-JÄM) fagnar tilmælum 13/2023 og tekur undir með Norðurlandaráði um að morð í nánnum samböndum sé alvarlegur samfélagsvandi á öllum Norðurlöndum og jafnframt alvarlegur og sívaxandi jafnréttisvandi sem afdrifarík afleiðing kynbundins ofbeldis og ofbeldis í nánnum samböndum.

Tilmælin urðu til þess að ráðherranefndin (MR-JÄM) ákvað að beina sjónum að morðum í nánnum samböndum í nýrri samstarfsáætlun 2025-2030 og stefnir að því á næsta áætlunartímabili að geta vakið athygli á aðgerðum til að fyrirbyggja og sporna við morðum í nánnum samböndum.



Rétt eins og Norðurlandaráð nefnir þá eru morð á mökum afdrifarík afleiðing ofbeldis í nánnum samböndum og ráðherranefndin (MR-JÄM) vinnur einnig á yfirstandandi áætlunartímabili að því að fyrirbyggja kynbundið og kynferðislegt ofbeldi. Meðal annars hefur #MeToo-hreyfingin orðið til þess að ráðherranefndin (MR-JÄM) kortlagði árið 2018 árangursríkar aðgerðir gegn kynferðisbrotum og kynbundnu ofbeldi, þar á meðal löggjöf, stefnur, menntun og félagsleg úrræði.

Varðandi fyrirbyggjandi aðgerðir þá vinnur ráðherranefndin (MR-JÄM) með hlutverk karla og drengja í jafnréttisstarfinu. Ráðherranefndin (MR-JÄM) hefur fjármagnað svonefnda barbershop-viðburði við ýmis tækifæri, meðal annars 2017 og 2019 en þeim er ætlað að virkja karla til að vera umboðsmenn breytinga varðandi jafnrétti og kvenréttindi. Skýrslan „The Angry Internet“ var unnin 2020 og í kjölfar hennar var efnt til ráðstefnu sem ætlað var að greina og fyrirbyggja samfélög á netinu sem hvöttu unga karla til að beita konur ofbeldi. Skýrslan „Unga mäns psykiska ohälsa“ (e. Young men’s mental ill-health in the Nordics) kom út 2023 en hún fjallaði meðal annars um samhengi milli andlegrar vanlíðanar og ofbeldis.

Ráðgert er að hefja rannsókn á heiðurstengdu og kynbundnu ofbeldi á Norðurlöndum 2024 þar sem árangursríkar aðgerðir í löndunum eru greindar og vakin athygli á þeim. Norrænu-baltnesku samstarfsverkefni lauk 2023 en það snerist um að byggja upp færni norrænna og baltneskra karlasamtaka sem vinna gegn ofbeldi í nánnum samböndum.

Samtal á sér stað milli ráðherranefndarinnar (MR-JÄM) og Lettlands um enn eitt samstarfsverkefni 2024, þar sem greindar verði árangursríkar aðferðir fagfólks til að koma í veg fyrir og bregðast við ofbeldi í nánnum samböndum á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum og jafnframt þróa í sameiningu aðferðir með sérstöku tilliti til áhættutilvika, þar sem hætta getur verið á morðum í nánnum samböndum.

Einnig er í forgangi á samstarfssviði ráðherranefndarinnar um dómsmál (MR-JUST) að vinna gegn ofbeldi og morðum í nánnum samböndum.

Í fjárhagsáætlun ráðherranefndarinnar (MR-JUST) 2024 kemur fram að á formennskuári Svía verði sett í forgang að sporna við ofbeldi gegn konum, einkum kynferðisofbeldi.

Norrænu dómsmálaráðherrarnir ræddu einnig á fundi í Reykjavík 18. september 2023 hvernig koma megi í veg fyrir ofbeldi í nánnum samböndum. Norðmenn áttu frumkvæði að umræðunum og kynntu nýjar aðgerðir þar í landi til að fyrirbyggja með skipulögðum hætti heimilisofbeldi, þar á meðal skipun landsbundinnar nefndar sem á að leggja mat á mál sem varða morð í nánnum samböndum, og tillögu um rafrænt eftirlit (ökklaband) með nálgunarbanni og brottvísun af heimili (öfug ofbeldisviðvörðun). Ráðherrarnir



skiptust á reynslu af því hvernig löndin vinna gegn ofbeldi í nánnum samböndum og hvernig þau geta lært hvert af öðru og unnið saman að þessum málum í framtíðinni.

Málið var einnig til umræðu á fundi norrænu og baltnesku dómsmálaráðherranna 2023.

Dómsmálasviðið stóð að rannsókn 2019 á mannréttindarömmum nálgunarbanns og brottvísunar af heimili með það fyrir augum að koma í veg fyrir áreiti og glæpsamlega hegðun gagnvart fyrri maka. Norðurlöndin geta nýtt sér niðurstöður rannsóknarinnar við gerð laga um nálgunarbann og brottvísun af heimili til að fyrirbyggja morð í nánnum samböndum.

Þá mun félags- og heilbrigðissvið ráðherranefndarinnar bæta við undirmarkmiði í nýja samstarfsáætlun ráðherranefndarinnar (MR-S) 2025-2030 um að engir einstaklingar verði beittir andlegu eða líkamlegu ofbeldi eða kúgun og að komið verði í veg fyrir og spornað við ofbeldi í nánnum samböndum.

Norræna ráðherranefndin telur hér með að orðið hafi verið við tilmælunum.

Sjónarmið nefndarinnar

Norræna velferðarnefndin þakkar ráðherranefndinni fyrir ítarlegt og jákvætt svar við tilmælum 13/2023 um sameiginlegar aðgerðir á Norðurlöndum til að auka þekkingu til að koma í veg fyrir og berjast gegn morðum í nánnum samböndum.

Nefndin fagnar því að ráðherranefndin bendi á ýmsar aðgerðir til að sporna við og fyrirbyggja morð í nánnum samböndum. Það er einkum ánægjulegt að tilmæli nefndarinnar hafi orðið tilefni þess að ráðherranefndin (MR-JÁM) ákvað að nefna morð í nánnum samböndum í nýrri samstarfsáætlun 2025-2030. Nefndin fagnar því einnig að ráðherranefndin (MR-S) bæti við undirmarkmiði í næstu samstarfsáætlun um að fyrirbyggja og sporna við ofbeldi í nánnum samböndum og að ráðherranefndin (MR-JUST) setji í forgang aðgerðir til að sporna við ofbeldi gegn konum og morðum í nánnum samböndum.

Nefndin telur enn fremur afar jákvætt að ráðherranefndin bendi á aðgerðir sem inngildi karla og drengi í jafnréttistarfið.

Þá metur nefndin það mikils að morð í nánnum samböndum hafi verið rædd á fundi dómsmálaráðherra Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna og telur nefndin æskilegt að ráðherrarnir haldi þeirri umræðu áfram.

Nefndin hlakkar til að fylgja aðgerðum ráðherranefndanna MR-JÁM og MR-S til að fyrirbyggja og sporna við morðum í nánnum samböndum í nýjum samstarfsáætlunum 2025-2030.



Norræna velferðarnefndin leggur til að Norðurlandaráð aðhafist ekkert frekar vegna svars við tilmælum 13/2023 um sameiginlegar aðgerðir á Norðurlöndum til að auka þekkingu til að koma í veg fyrir og berjast gegn morðum í nánnum samböndum og álíti *afgreiðslu þeirra lokið* af hálfu ráðsins.

Þórshöfn, 8. apríl 2024

Eva Lindh (S)

Anna-Kristiina Mikkonen (sd)

Kirsti Leirtrø (A)

Tone Wilhelmsen Trøen (H)

Anne Kristine Linnestad (Høyre)

Annette Holmberg-Jansson (MSÅ)

Johan Hultberg (M)

Guðmundur Ingi Kristinsson (Flf)

Johan Dahl (sb)

Kjerstin Wøyen Funderud (Sp)

Mikko Ollikainen (sv)

Mikkel Bjørn (DF)

Pia Sillanpää (saf)

Jette Gottlieb (EL)

Tobias Drevland Lund (Rødt)